

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
101 Reykjavík

Kópavogi, 31. maí 2022

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009 (569. mál).**

Fyrir hönd Carbon Recycling International (CRI hf.) vil ég koma því á framfæri til efnahags- og viðskiptanefndar að lægra hlutfall frádráttarbærs rannsóknar- og þróunarkostnaðar, þ.e. að endurgreiðsluhlutfall verði 30% í stað 35% sem gildi rekstrarárin 2020 og 2021, muni hafa neikvæð áhrif á rekstur margra nýsköpunarfyrirtækja.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu getur hugverkaiðnaður skilað margfalt til baka þeim fjármunum sem ríkissjóður verður af vegna endurgreiðslunnar á komandi árum. Nýsköpunarfyrirtæki skapa einnig mikilvæg og vel launuð störf sem gjörbreyta möguleikum vísinda- og tæknimenntaðs starfsfólks á vinnumarkaði.

Ein mikilvægasta breyting sem orðið hefur á rekstrarumhverfi nýsköpunarfyrirtækja er möguleikinn að draga hluta rannsóknar- og þróunarkostnaðar frá álögðum tekjuskatti. Hækkun hlutfallsins og þaksins á hámarki kostnaðar hefur skipt sköpum fyrir mörg sprotafyrirtæki, þeirra á meðal CRI.

CRI hefur frá stofnun árið 2006 unnið að þróun og markaðssetningu tækni til að framleiða vistvænt metanól úr grænni orku og endurunnum koltvísýringi. Fyrirtækið opnaði árið 2012 fyrstu verksmiðju sinnar tegundar sem byggð er á þessu ferli, við orkuverið í Svartsengi. CRI, sem starfrækir sína starfsemi frá Íslandi hefur gert samninga um smíði tveggja verksmiðja í Kína, sem byggðar eru á þessari alíslenskri tækni. Fyrri verksmiðjan verður gangsett síðar á þessu ári. Auk vaxandi verkefna í Kína vinnur CRI jafnframt að verkefnaþróun í Evrópu og víðar.

Styrkjaumhverfi nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi hefur ekki verið hannað eða fjármagnað til þess að koma til móts við þörf stærri verkefna eða þróunarstarf sem krefst áhættufjármagns til lengri tíma. Því voru lögin um endurgreiðslur rannsóknar- og þróunarkostnaðar svo mikilvægt skref fyrir allan iðnaðinn. Með því að lækka hlutfall rannsóknarkostnaðar sem frádráttarbær er frá tekjuskatti er tekið skref aftur á bak. Minni stuðningur mun draga úr möguleikum sprotafyrirtækja til að vaxa á Íslandi, draga úr eftirspurn eftir vinnuafli í tæknigreinum og þar með möguleikum vísinda- og tæknimenntaðs starfsfólks.

CRI vill hvetja nefndina til þess að taka þessi atriði til alvarlegrar athugunar. Rétt ákvörðun væri að festa í sessi ákvæði um hærri endurgreiðsluhlutfall sem sett voru með lögum í maí 2020. Þannig er hægt að styðja við að Ísland verði leiðandi á alþjóðavísu í nýsköpun og grænum tæknilausnum.

Með kveðju,

Björk Kristjánsdóttir, fjármálastjóri CRI